

# UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS SJÁLANDSSKÓLA

Ytra mat var unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Garðabæ í júní 2019.

Ábyrgðarmaður: Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri.

## Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á Sjólandsskóla

Starfsmenn á vegum Menntamálastofnunar gerðu úttekt á starfsemi Sjólandsskóla dagana 29. apríl – 3. maí 2019. Matið unnu tveir matsmenn á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.

Markmið með ytra matinu er meðal annars að vera hvati til frekari skólaþróunar, að styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samanburður á skólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir og skólastarf metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða. Þrjú matsþættir voru þungamiðjan í matinu: (1) Stjórnun og forysta, (2) nám og kennsla, (3) vinnubrögð við innra mat. Að ósk skólans var fjórði þátturinn metinn en það var skóli án aðgreiningar.

Í upphafi skýrslu með niðurstöðum matsins sem skólinn hefur fengið eru settar fram helstu niðurstöður sem „punktar“ um styrkleika í þeim þáttum skólastarfsins sem metnir voru og einnig ábendingar um tækifæri til umbóta. Við upphaf hvers kafla eru niðurstöður matsþátta litakóðaðar (sjá mynd 1). Niðurstöður matsins eru jákvæðar fyrir Sjólandsskóla og mikilvægur leiðarvísir fyrir áframhaldandi öflugt skólastarf. Niðurstöður allra matsþátta voru annað hvort grænir eða grænir og gulir (sjá mynd 1). Ákveðið var að taka alla þá þætti sem bent var á í skýrslunni og nýta sem tækifæri til umbóta og framfara. Meginefni matsins hafa verið kynnt fyrir starfsfólki skólans og fulltrúum fræðslu og menningarsviðs. Þegar skýrslan hefur verið gerð opinber verður hún kynnt fyrir öðrum aðilum skólasamfélagsins.

Þegar hafa verið skipaðir starfshópar vegna umbótaáætlunar innan skólans.

Garðabær 30. september 2019

Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Meiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Meiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rauðt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum.

Mynd 1. Útskýring á litakóðun MMS.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup>	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Lýsa námsmati og vitnisburðarkerfi nánar í skólanámskrá</li> </ul>	Teymi á hverju skólastigi og list- og verkgreinakennarar vinna að því að uppfæra lýsingu á námsmati á viðkomandi skólastigi. Kennsluráðgjafi sér um samræmingu á heildartexta og uppfærslu í skólanámskrá/heimasíðu	Sept. 2019	Desember 2019	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennsluráðgjafi	Júní 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Birta upplýsingar um starfandi teymi á einum stað í starfsáætlun</li> </ul>	Starfsáætlun hefur þegar verið birt og þar koma fram upplýsingar um öll starfandi teymi	Sept. 2019	Sept. 2019	Skólastjóri	Árlega í september við gerð starfsáætlunar
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta þess að fulltrúar í skólaráði sitji í skólaráði tvö ár í senn</li> </ul>	Þegar hefur verið valið í skólaráð og hluti af fulltrúum sitja sitt annað starfsár	Ágúst 2019	Sept. 2019	Skólastjóri	Árlega í ágúst þegar starfsmenn/foreldrar gefa kost á sér í skólanefnd
<ul style="list-style-type: none"> <li>Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu</li> </ul>	Er þegar komið í framkvæmd	Maí 2019	Maí 2019	Aðstoðarskólastjóri	Árlega í júní
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólaráð haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið og leita leiða til að virkja foreldra betur til samstarfs og í stefnumótunar.</li> </ul>	Á fyrsta fundi skólaráðs verður þetta rætt og fengnar tillögur að leiðum til úrbóta. Einnig verður þetta lagt fyrir kennara á kennarafundi og foreldrafélag skólans	Okt. 2019	Ágúst 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri	Árlega í júní
<ul style="list-style-type: none"> <li>Setja upp feril þegar upp koma nemendamál</li> </ul>	Vinna hófst í sept 2019 við að uppfæra ferilinn á skipulagsdegi starfsfólks. Ferlar ræddir tvisvar á hverju skólaári á kennarafundi og einu sinni á fundi með stuðningsfulltrúum.	Sept. 2019	Janúar 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, þroskaþjálfar og sérkennarar á hverju skólastigi	Árlega í ágúst.

<ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla samræmdra prófa</li> </ul>	Vinna hófst í september við að uppfæra ferilinn	Sept 2019	Janúar 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, þroskaþjálfar og sérkennarar á hverju skólastigi	Október 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ferill úr 7 í 8 og brúum bilið</li> </ul>	Ferillinn er til hjá sveitarfélaginu og má finna á heimasíðu bæjarins. Hann er reglulega endurskoðaður. Unnið hefur verið eftir verkferli Garðabæjar fram að þessu.	Jan 2020	Mars 2020	Aðstoðarskólastjóri, sérkennari og þroskaþjálfari á yngsta stigi	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoðun skólareglna með skólasamfélaginu</li> </ul>	Hver bekkur setur sér bekkjarreglur. Skólareglur eru kynntar fyrir nemendum á hverju skólaári og ræddar, oftast ef þörf krefur. Reglurnar verðar ræddar og endurskoðaðar af nemendaráðum á haustönn	Okt 2019	Janúar 2020	Skólastjóri, forstöðumaður félagsmiðstöðvar	Haust 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ferill utanaðkomandi aðila vegna persónuverndar (foreldrar, verktakar og gestir)</li> </ul>	Verið að vinna að slíkum ferlum hjá bæjarfélaginu	Vor 2019	Jan 2020	Skólastjóri	Árlega að hausti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Virkja nemendur á yngra- og miðstigi í nemendaráð</li> </ul>	Verður komið í framkvæmd með forstöðumanni félagsmiðstöðvar	Haust 2019	Jan 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri	Árlega í júní
<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla upplýsingaflæði á milli skóla og frístundar</li> </ul>	Komið verður á föstum fundum með stjórnendum og umsjónarmanni frístundaheimilis.	Haust 2019	Skólaárið 2019-2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður frístundaheimilis	Lok skólaársins 2019-2020

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið II – Nám og kennsla</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka tímafjölda í list- og verkgreinum hjá nemendum í unglingadeild</li> </ul>	Hlutfall tíma í list- og verkgreinum verður skoðað í tengslum við stundatöflugerð og leitað leiða til að bæta við tímamagn m.a. í samráði við sveitarfélagið	Apríl 2020	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri	Árlega þarf að tryggja tímamagn allra árganga við stundatöflugerð
<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjalla um morgunsöng í skólanámskrá og tengja við hæfniviðmið og lykilhæfni</li> </ul>	Hafin er vinna við uppfærslu texta í skólanámskrá m.a. morgunsöng	Sept. 2019	Jan. 2020	Skólastjóri, tónmenntakennari og kennsluráðgjafi	Skólanámskrá er endurskoðuð árlega
<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka fjölbreyttni kennsluhátta</li> </ul>	Verður rætt í kennarahópnum, fengin utanaðkomandi fræðsla og rýnt í kennsluhætti í öllum bekkjum og fögum í kennslustundarýni skólastjórnenda	Sept. 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennarar	Verður árlega rýnt í kennslustundarýni
<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla markvissa samvinnu nemenda</li> </ul>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta eftirfarandi upplýsingum <b>í námsvísa</b>:             <ol style="list-style-type: none"> <li>Setja allar námsgreinar í námsvísa</li> <li>Gera grein fyrir sambættingu námsgreina við útikennslu í</li> <li>Setja inn hvernig námsaðlögun er hátta í hverri námsgrein/Viðfangsefni</li> </ol> </li> </ul>	Farið verður í að bæta við alla námsvísa m.t.t. þeirra athugasemda sem fram komu. Kennarar hafa skólaárið til að endurbæta þær faggreinar sem snúa að þeim. Sú vinna hófst á fyrsta skipulagsdegi skólársins og hafa teymin þegar skipt með sér verkum	Sept. 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennsluráðgjafi og kennarar skólans	Á vorin er á verkefnalista kennara að yfirfara og endurskoða námsvísa.

4. Setja inn hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein/Viðfangsefni					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta eftirfarandi í <b>kennsluáætlanir</b> <ol style="list-style-type: none"> <li>Gera grein fyrir samþættingu námsgreina við útikennslu í</li> <li>Fjalla um allar námsgreinar í kennsluáætlunum</li> <li>Setja inn hvernig námsaðlögun er háttá í hverri námsgrein/Viðfangsefni</li> <li>Setja fram hvernig kennsla tekur m ið af mati á stöðu nemenda</li> </ol> </li> </ul>	Farið verður í að bæta við allar kennsluáætlanir m.t.t. þeirra athugasemda sem komu. Kennarar hafa skólaárið til að endurbæta og bæta við þeim faggreinum sem snúa að þeim. Sú vinna hófst á fyrsta skipulagsdegi skólaársins og hafa teymin þegar skipt með sér verkum	Sept. 2019	Janúar 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennsluráðgjafi og kennarar skólans.	Á hverju hausti eru kennsluáætlanir settar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa frest til 20. sept ár hvert. Vorönn er endurskoðuð í nóvember og uppfærð ef þurfa þykir.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Setja fundargerðir nemendaráða á heimasíðu skólans þannig að hún sé aðgengileg nemendum</li> </ul>	Verður komið í framvæmd strax	Haust 2019	Haust 2019	Skólastjóri, umsjónarmaður félagsmiðstöðvar	Árlega
Bæta aðstöðu til kennslu náttúrugreina	Vegna þrængsla hefur ekki verið hægt að útbúa aðstöðu til kennslu náttúrufræðigreina. Hafa þarf samráð við sveitarfélagið vegna þessa. Umræður hafa staðið um nokkurt skeið.	Haustönn 2019	Vetur 2021	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, forstöðumaður fræðslu og menningarsviðs GB	Þegar Alþjóðaskóli flytur í sér húsnæði þá losnar um rými í skólanum.

<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta aðstöðu til kennslu heimilisfræði</li> </ul>	<p>Fyrirhuguðu er viðbygging við skólann þar sem aðstaða til heimilisfræðikennslu er hugsuð. Bygging er ekki komin á dagskrá en rædd við gerð fjárhagsáætlunar.</p>	<p>Hausönn 2019</p>	<p>Óskilgreint</p>	<p>Skólastjóri og yfirvöld sveitarfélagsins</p>	<p>Þegar lokið verður við viðbyggingu við skólann. Verkefni verður til umræðu vegna langtímaáætlunar við gerð fjárhagsáætlunar 2020</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leita leiða til að draga úr spennu nemenda í sambandi við skólaval í samvinnu við hagsmunaaðila</li> </ul>	<p>Samráð og samtal verður haft við skólayfirvöld sveitarfélagsins og hagsmunasamtök foreldra.</p>	<p>Haustönn 2019</p>		<p>Skólanefnd grunnskóla Fræðslu- og menningarsvið</p>	<p>Reglulega er tekin umræðu um skólaval á vettvangi yfirstjórnar sveitarfélagsins. Samtal verður við Grunnstoðir sem er félag foreldra í grunnskólum í Garðabæ</p>

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið III – Innra mat</b>					
• Gera langtímaáætlun til nokkurra ára um innra mat	Skipað verður matsteymi sem vinnur að langtímaáætlun um innra mat	Ágúst 2019	Júní 2020	Skólastjóri	Árlegt endurmat
• Vinna nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið hvað er metið og hvernig	Matsteymi mun gera matsáætlun fyrir hvert skólaár	Ágúst 2019	Júní 2020	Skólastjóri	Árlegt endurmat
• Meta markmið skólastarfsins reglulega og markvisst	Matsteymi mun setja fram áætlun um mat og framkvæmd á innra mati	Ágúst 2019	Júní 2020	Skólastjóri	Árlegt endurmat
• Stofna matsteymi með fulltrúum hagsmunahópa	Búið er að stofna matsteymi í skólanum. Valið til eins árs í einu. Í nefndinni sitja, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír kennarar, einn af hverju skólastigi	Ágúst 2019	Júní 2020	Skólastjóri	Nýtt matsteymi valið við upphaf hvers skólaárs.
• Kynna niðurstöður úr innra mati fyrir öllum hagsmunahópum	Umræður munu fara fram í matsteymi, skólanefnd og í foreldrafélaginu og óskað eftir tillögum að framkvæmd kynninga	Október 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennsluráðgjafi	Endurskoðað á þriggja ára fresti
• Gera árlega greinargerð um innra mat	Greinargerð um innra mat hefur gerð frá upphafi skólans í skólaskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Skýrslu um innra mat verður einnig birt sérstaklega	Maí 2020	Ágúst 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennsluráðgjafi	Endurskoðað á þriggja ára fresti
• Vinna árlega umbótaáætlun	Matsteymi ásamt stjórnendum mun fá það hlutverk að vinna að umbótaáætlun. Niðurstöður úr innra mati skólans verður nýtt við þá vinnu	Október 2019	Ágúst 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri	Endurskoðað árlega við gerð starfsáætlunar
• Birta umbótaáætlun á heimasíðu skólans	Verður birt um leið og umbótaáætlun er tilbúin	Ágúst 2019	Október 2019	Skólastjóri	Uppfærð á hverju ári samhliða starfsáætlun



Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>IV Skóli án aðgreiningar</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Setja stefnu og sýn skólans varðandi skóla án aðgreiningar í skólanámskrá</li> </ul>	Starfshópur hefur þegar verið myndaður sem vinnur að uppfærslu á stefnu skólans	September 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum	Endurskoðuð á þriggja ára fresti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta þess að vísa í gildandi reglugerðir í skólanámskrá</li> </ul>	Verður lagað strax á haustönn	Okt. 2019	Okt. 2019	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennsluráðgjafi	
<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur</li> </ul>	Starfshópur hefur þegar verið myndaður sem vinnur að uppfærslu á heildaráætlun um stuðning við nemendur	September 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum auk námsráðgjafa	Endurskoðuð á þriggja ára fresti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina hlutverk þeirra aðila sem að einstaklingnum koma í einstaklingsnámskrám og virkja nemendur (á mið- og unglingstigi) í að taka þátt í að móta áherslur á eigin einstaklingsnámskrám</li> </ul>	Stoðteymi skólans hefur þegar farið í að bæta við hlutverkum þeirra sem að einstalingum koma. Á mið- og unglingastigi munu nemendur taka þátt í gerð einstaklingsskráa og markmiðasetningar varðandi sitt nám eins og við á	September 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum auk námsráðgjafa	Endurskoðuð á þriggja ára fresti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Setja fram móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir</li> </ul>	Starfshópur með stoðteymi skólans vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með sérstakar þarfir	Sept 2019	Júní 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum auk námsráðgjafa.	Endurskoðuð á þriggja ára fresti

<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem hafa einstaklingsnámskrá í grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla</li> </ul>	Starfshópur með stoðteymi skólans vinnur að uppfærslu á tilfærsluáætlun skólans	Okt. 2019	Feb. 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum auk námsráðgjafa	Endurskoðuð á þriggja ára fresti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða með skólayfirvöldum í Gb. Og öðrum hagmsunaaðilum dreifingu nemenda með sérþarfir í skólum bæjarins og hvernig skóli án aðgreiningar verður best framkvæmd í bænum</li> </ul>	Samtal í skólanefnd, við yfirmenn á fræðslu- og menningarsviði, milli skólastjórnenda grunnskóla	Vetur 2019/20	Vor 2020	Skólanefnd, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóri skóladeildar	Reglulega þarf að ræða skóla án aðgreiningar m.a. vegna dreifingar nemenda með sérþarfir svo skipting verði sem jöfnust
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leita leiða til að bæta aðstöðu nemenda en nokkrir hópar á mið- og unglingastigi búa við þrengsli</li> </ul>	Fyrirhuguðu er viðbygging við skólann þar sem aðstaða til heimilisfræðikennslu er hugsuð. Bygging er ekki komin á dagskrá en rædd við gerð fjárhagsáætlunar.	Haust 2019	Óskilgreint	Skólastjóri og yfirvöld sveitarfélagsins	Þegar lokið verður við viðbyggingu við skólann. Verkefni verður til umræðu vegna langtímaáætlunar við gerð fjárhagsáætlunar 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leita leiða til að nýta stuðningsfulltrúa sem best í öllum kennslustundum</li> </ul>	Starfshópur með stoðteymi skólans hefur fengið það hlutverk að skilgreina hlutverk stuðningsfulltrúa, leiðbeina og fræða	Ágúst 2019	Jan. 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Proskapjálfar og sérkennarar á öllum skólastigum auk námsráðgjafa	